

Ed.

481. Frumvarp til laga

[238. mál]

um námsgagnastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Hlutverk námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum og fullkornustum náms- og kennslugögnum. Uppeldis- og kennslufræðileg markmið námsgagnastofnunar eru í samræmi við 2. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Heimilt er að fela námsgagnastofnun að annast verkefni, hliðstæð þeim sem tilgreind eru í lögum þessum, fyrir framhaldsskóla. Enn fremur er heimilt að fela námsgagnastofnun að annast alhliða þjónustu fyrir skóla- og almenningsbókasöfn skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Námsgagnastofnun heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Námsgagnastofnun annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hvers konar námsgagna og kennslutækja, fylgist með nýjungum á því sviði og kynnir þær.

Stofnunin skal hafa samstarf við þá aðila sem vinna að endurskoðun náms- og nýjungum í skólastarfi á vegum menntamálaráðuneytisins, við fræðsluskrifstofur, svo og Kennaraháskóla Íslands og aðrar stofnanir sem veita kennaramenntun.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn sjö manna námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

- a) einn fulltrúa tilnefndan af Félagi skólastjóra og yfirkennara,
- b) tvo tilnefnda af samtökum kennara á grunnskólastigi,
- c) einn tilnefndan af samtökum kennara á framhaldsskólastigi,
- d) einn tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
- e) einn tilnefndan af fræðslustjórum,
- f) einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

4. gr.

Námsgagnastjórn gerir framkvæmdáætlanir og endurskoðar þær reglulega. Hún staðfestir fjárhagsáætlanir og ber ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar. Hún ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum námsgagnastjóra, sbr. þó 5. grein laga þessara.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar námsgagnastjóra að fengnum tillögum námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar.

Námsgagnastjóri annast daglega stjórn og fjárreiður stofnunarinnar og samþæfir störf deilda.

6. gr.

Námsgagnastofnun skiptist í tvær aðaldeildir: framleiðsludeild og afgreiðslu- og söludeild. Að öðru leyti skal starfsskipting innan stofnunarinnar ákveðin í reglugerð, sbr. 11. gr.

Verkefni deilda eru í meginráttum þessi:

- a) Framleiðsludeild framleiðir náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún annast útgáfu námsbóka, handbóka, kennsluleiðbeininga og ítarbóka. Deildin gefur út íslenskt nýsiefni og erlent í íslenskri aðlögun. Hún lætur gera fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra svo og setja íslenskt tal eða texta við erlendar myndir.
- b) Afgreiðslu- og söludeild annast öflun og dreifingu náms- og kennslugagna. Hún vinnur að hagkvæmri notkun nýsitækja í skólum landsins og veitir leiðbeiningar um notkun þeirra. Deildin hefur einnig með höndum kynningar- og fræðslu- starfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutækni í samstarfi við þá aðila sem taldir eru í 2. gr.

Námsgagnastofnun er heimilt að hafa þau náms- og kennslugögn, sem hún framleiðir, til sölu á frjálsum markaði samkvæmt nánari ákvörðun námsgagnastjórnar.

7. gr.

Nemendur í skyldunámi skulu fá ókeypis námsgögn samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar.

Á þeim tíma árs, er námsgagnastjórn ákveður, skulu skólanefndir sjá um að námsgagnastofnun berist greinargerð um þau náms- og kennslugögn sem þörf er á til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skóla- skyldra barna og unglinga í skólahverfinu ásamt skilagrein fyrir síðastliðið ár. Námsgagnastofnun hlutast síðan til um að námsgögn, miðað við pöntun og rétt skólans samkvæmt gildandi úthlutunarreglum, séu send til réttra aðila. Nemendur fá námsgögnin til afnota eða eignar samkvæmt reglum sem námsgagnastjórn setur.

8. gr.

Kostnaður við starfsemi námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði og af eigin tekjum stofnunarinnar sem eingöngu má verja í þágu þeirra verkefna sem lög þessi mæla fyrir um.

Námsgagnastjórn gerir áætlun til allt að 5 ára um útgáfu náms- og kennslu- gagna. Áætlunina skal endurskoða árlega og skal hún fylgja tillögum stofnunarinnar um fjárveitingu í fjárlögum.

9. gr.

Eigi er skylt að úthluta skólum námsgögnum umfram það sem ákveðið er í lögum þessum, sbr. 7. gr. Þó er skólum heimilt að nota námsbækur og námsgögn, sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis, þess efnis að þau fari ekki í bága við gildandi námsskrá.

Nánar skal kveðið á um veitingu slíkrar viðurkenningar í reglugerð.

10. gr.

Námsgagnastofnun skal stuðla að varðveislu gamalla skólagagna.

Heimilt er, að fenginni fjárveitingu, að fela sérstökum starfsmanni umsjón þessa verkefnis.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1956, um Ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 54/1961, um Fræðslumyndasafn ríkisins, og 21. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, svo og önnur ákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um þetta efni hefur fimm sinnum legið fyrir Alþingi en eigi orðið útrætt. Frumvarpið í sinni upprunalegu mynd var samið af nefnd sem Magnús Torfi Ólafsson, menntamálaráðherra, skipaði hinn 27. júlí 1972 til þess að endurskoða lög um Ríkisútgáfu námsbóka, Fræðslumyndasafn ríkisins og fleira.

Um helstu breytingar frá núgildandi lögum sem frumvarpið í núverandi mynd felur í sér skal þetta tekið fram:

1. Ríkisstofnanir sem starfa að útgáfu, miðlun og framleiðslu námsefnis og kennslugagna eru sameinaðar í námsgagnastofnun er lúti daglegri stjórn eins forstjóra, námsgagnastjóra.
2. Í stað námsbókanefndar og stjórnar Fræðslumyndasafns ríkisins kemur óskipt námsgagnastjórn og skal hún hafa með höndum yfirstjórn á starfsemi og fjárreiðum námsgagnastofnunar.
3. Ákvæði eru um náíð samstarf námsgagnastofnunar og þeirra aðila er vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum menntamálaráðuneytisins, við Kennaraháskóla Íslands og aðrar þær stofnanir er kennaramenntun veita.
4. Námsgagnastofnun mun framleiða ýmiss náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður önnur en prentað mál.
5. Lögfest er að auk eiginlegra námsbóka skuli gefnar út handbækur og kennsluleiðbeiningar handa kennurum, svo og ítarbækur, þ. e. viðbótarbækur fyrir nemendur, auk hverskonar nýsigagna.
6. Ákvæði er um að námsgagnastofnun skuli stuðla að varðveislu skólaminja.
7. Ákvæði um fjármögnun deilda námsgagnastofnunar eru einfölduð og samræmd miðað við það sem nú er. Er miðað við að allt ríkisé til stofn- og rekstrar-kostnaðar verði í formi venjulegra fjárveitinga í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar verði eðlilegar sölu- og leigutekjur af efni og tækjum.

Þær stofnanir sem nú gegna því hlutverki, sem námsgagnastofnun er ætlað, eru Ríkisútgáfa námsbóka, Skólavörubúðin og Fræðslumyndasafn ríkisins. Horfur eru á að unnt verði að tengja starfsemi þessara stofnana í sameiginlegu húsnæði áður en langt um líður.

Um þróun náms- og kennslutækni á Íslandi og um þróun fyrrnefndra stofnana verður ekki fjallað í þessum athugasemdum. Þess í stað er vísað til álits hinnar stjórnskipuðu nefndar en það hefur áður fylgt frumvarpinu í heild.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um meginhlutverk námsgagnastofnunar. Hún skal vinna að því að grunnskólar hafi jafnan sem best og fullkomnust námsgögn.

Þá er kveðið á um uppeldis- og kennslufræðilegt markmið stofnunarinnar. Í lögum nr. 63/1974 um grunnskóla (sbr. 2. og 42. gr.) og í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að skólinn skapi hverjum nemandi viðfangsefni sem hæfa þroska hans og reynslu. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur fái þjálfun í að vinna með öðrum, þjálfun í að vinna sjálfstætt og geti aflað sér þekkingar af eigin rammleik.

Orðið námsgögn er í frumvarpinu notað í viðtækri merkingu um hvers kyns efni sem nemendur vinna með: þar má nefna prentað og fjölritað mál, hljóð- og myndritað efni, hluti og tæki sem notuð eru við nám og kennslu. Námsbækur gegna veigamiklu hlutverki, ekki síst handbækur af ýmsu tagi sem vekja áhuga nemenda

og örva þá til að afla sér fróðleiks og þekkingar. Sýnt er þó að útgáfa annarra námsgagna en bóka mun aukast verulega. Ýmiss kennslufræðileg rök draga athyglina æ oftast að myndefni og öðrum hjálpartækjum. Hér má nefna ljósmyndir, myndspjöld, litskyggjur, myndræmur, glærur, hljómbönd, líkön og aðra hluti til skýringa og athugana, námsspil, vinnuspjöld, efni til mynd- og handmennta auk verkefna og gagna sem gera nemendum kleift að gera tilraunir og athuganir í skólafstofum og í vettvangsferðum.

Smæð íslensks skólavörumarkaðar sniður því stakk hvaða möguleikar eru á þessu sviði hér á landi. Þannig má ætla að gerð dýrra námsgagna, s. s. myndsegulbanda og kvikmynda, verði ekki stór í sniðum. Í þeim efnum mun henta betur að aðlaga erlent efni sem er þá lánað skólunum.

Það verður eitt meginhlutverk námsgagnastofnunar að auðvelda skólunum að afla sér námsgagna og jafnframt að veita þeim upplýsingar og sérfræðilega aðstoð varðandi tækjakaup. Ber hér sérstaklega að nefna þjónustu við skóla í hinum dreifðu byggðum landsins.

Þá mun námsgagnastofnunin sinna útgáfu margs konar námsgagna sem sniðin eru að þörfum nemenda með sérþarfir, en á undanförunum árum hefur verið mikill skortur á námsgögnum fyrir sérkennslu.

Þó er skv. greininni heimilt að fela námsgagnastofnun gerð og dreifingu náms- og kennslugagna fyrir framhaldsskóla, en sem stendur er enginn einn aðili sem sinnir þessum verkefnum fyrir skóla á framhaldsskólastigi.

Varðveisla, notkun og miðlun alls konar námsgagna og kennslutækja fer í vaxandi mæli fram í skólasöfnunum. Námsgagnastofnun hlýtur að koma til með að veita skólasöfnum verulega þjónustu. Almenningsbókasöfn þurfa einnig að koma inn í þessa mynd vegna vaxandi hlutverks þeirra í upplýsingamiðlun og menntun og vegna tengsla almenningsbókasafnanna og samvinnu við skóla og aðrar menntastofnanir. Þjónusta við söfn er nú á mörgum stöðum og lítil eða engin samvinna á milli þeirra sem hana annast. Nauðsynlegt er að sameina þessa þjónustu sem mest á einum stað og efla hana.

Ljóst er af þessu að námsgagnastofnun er ætlað vítt og mikilvægt starfssvið.

Með námsgagnastofnun eru tengd saman í eina heild verkefni sem fram að þessu hafa tilheyrt fleiri stofnunum. Slíkri heildarsambæfingu er ætlað að stuðla að markvissum vinnubrögðum, hagræðingu, sparnaði og aukinni þjónustu.

Greinin kveður á um að námsgagnastofnun skuli heyra undir menntamálaráðuneytið. Samkvæmt því er stofnunin ríkisfyrirtæki, sbr. einnig 8. gr. Ljóst er að stofnun, sem ætlað er að tryggja nemendum og kennurum sem best og fullkomnust námsgögn, hlýtur að verða á vegum ríkisins, eigi hún að veita öllum grunnskólum (sjá einnig 19. gr.) viðhlítandi þjónustu. Er hér raunar um að ræða eðlilegt framhald þeirrar stefnu til aðstöðujöfnunar á þessu sviði sem löggjafarvaldið hefur markað frá og með árinu 1936 er fyrst voru sett lög um Ríkisútgáfu námsbóka.

Um 2. gr.

Verkefni námsgagnastofnunar eru hér tilgreind í aðalatriðum. Hún skal annast útgáfu og miðlun námsgagna, fylgjast með nýjungum á því sviði og kynna þær.

Þá er í greininni ákvæði sem leggur stofnuninni þær skyldur á herðar að hafa jafnan samstarf við:

- 1) þá sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum menntamálaráðuneytisins,
- 2) fræðsluskrifstofur, en þeim er nú smám saman að vaxa ásmegin og eru þar að skapast möguleikar á leiðbeiningum og þróunarstarfi í tengslum við námstjórn menntamálaráðuneytisins. Jafnframt þessu eru hjá fræðsluskrifstofum saman komnar ýmsar upplýsingar um rekstur skóla en þær eru nauðsynlegar við áætlanagerð og starfsemi námsgagnastofnunar,
- 3) stofnanir sem veita kennaramenntun.

Það gefur augaleið að námsgagnastofnun þarf að hafa samvinnu við marga aðila aðra en þá sem hér eru nefndir. Hins vegar er ljóst að starf námsgagnastofnunar er mjög háð samstarfi við hina tilgreindu aðila, eigi átak hins opinbera á þessu sviði að vera skilvirkt og í tengslum við þá þróun sem á sér stað í grunnskólum.

Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur á undanförunum árum verið unnið mjög mikið starf við námskrárgerð og endurskoðun námsefnis í grunnskólum. Er talsvert nýtt námsefni nú þegar komið út í kjölfar þessarar endurskoðunar og hefur verið náð samstarfi milli menntamálaráðuneytisins, skólarannsóknadeildar og Ríkisútgáfu námsbóka um þá útgáfustarfsemi. Einnig hefur farið vaxandi samstarf deildarinnar og Fræðslumyndasafns ríkisins og nauðsynlegt að efla það. Stöðug samvinna milli menntamálaráðuneytisins og námsgagnastofnunar á þessu sviði er ófrávikjanleg nauðsyn og koma þar til m. a. ákvarðanir um meiri háttar verkefni, skýr verkaskipting og gott heildarskipulag allrar starfseminnar. Jafnframt slíku samstarfi um útgáfumál er samvinna þessara aðila um kynningu á námsgögnum og notkun þeirra brýnt nauðsynjamál, sbr. athugasemdir við 6. grein frumvarpsins.

Náin samvinna námsgagnastofnunar við kennaraskóla landsins er augljós en í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að Kennaraháskóli Íslands sé eins konar samnefnari kennaraskólanna varðandi skipulegt samstarf við námsgagnastofnun.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að sjö manna námsgagnastjórn verði skipuð til að hafa yfirumsjón með störfum námsgagnastofnunar. Er hér um að ræða fækkun frá því sem nú er, því að samkvæmt gildandi lögum eiga samtals 10 manns sæti í námsbókanefnd og stjórn fræðslumyndasafns.

Ekki þykir vænlegt að námsgagnastjórn sé skipuð færri mönnum en hér er gert ráð fyrir, enda er henni ætlað yfirgripsmikið og vandasamt hlutverk.

Gert er ráð fyrir að fulltrúar frá samtökum skólastjóra og kennara á grunnskólastigi verði þrír í námsgagnastjórn. Er þessi kostur valinn með hliðsjón af því að nemendur og kennarar á grunnskólastigi eru þeir aðilar sem námsgagnastofnun er einkum ætlað að þjóna og því mikilvægt að sem mest og best tengsl séu milli þessara aðila. Einn fulltrúi tilnefndur af samtökum kennara á framhaldsskólastigi skal og eiga sæti í stjórninni. Eins og sakir standa eru ekki til heildarsamtök kennara á grunnskólastigi og ekki heldur kennara eða skólastjóra á framhaldsskólastigi. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að þau félagasamtök sem hér eiga hlut að máli tilnefni fulltrúa í námsgagnastjórn og ætlast til að þau hafi samráð um tilnefninguna. Þá verður einn fulltrúi frá Kennaraháskóla Íslands, einn fyrir fræðslustjóra og einn úr menntamálaráðuneytinu, og vísast um rökstuðning fyrir því til athugasemda við síðari málsgrein 2. greinar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi áðurgreindra sjö stjórnarmanna.

Um 4. gr.

Hér er tilgreint hlutverk námsgagnastjórnar. Er það að mestu í samræmi við tíðkanlegar venjur, en vert er þó að taka eftirfarandi sérstaklega fram:

- a) Svo er ráð fyrir gert að stjórnin marki heildarstefnu og geri framkvæmda-áætlanir (sbr. 8. gr.), taki ákvarðanir um meiriháttar framkvæmdir og megin-drætti í verkefnum deilda. Rétt er að slík stjórn beri einungis ábyrgð á meginatriðum sem fela í sér stefnumörkun og áætlanagerð, en starfsmenn stofnunarinnar stjórninni framkvæmdum að öðru leyti.
- b) Menntamálaráðherra ræður námsgagnastjóra, þ. e. forstjóra stofnunarinnar, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Allt annað starfslið ræður námsgagnastjórn að fengnum tillögum námsgagnastjóra.

Greinin miðar öll að því að námsgagnastjórn verði virkur aðili í stefnumörkun með eðlileg tengsl við starfslið stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um forstjóra námsgagnastofnunar sem verði skipaður af menntamálaráðherra að fenginni umsögn námsgagnastjórnar. Starfsheiti forstjórans verði námsgagnastjóri. Talið er nauðsynlegt að námsgagnastjóri sé sérfróður á sviði kennslufræði og/eða rekstrarfræði.

Um 6. gr.

Hér eru taldar upp deildir námsgagnastofnunar, þ. e. framleiðsludeild og afgreiðslu- og söludeild. Þar sem starfsemi stofnunarinnar er mjög fjölbætt er talið nauðsynlegt að setja reglugerð um starfsskiptingu innan hennar.

Nýjar aðferðir við nám og kennslu og ný námsgögn hafa leitt til þess að nú er mun meiri þörf en áður á ýmiss konar kennsluleiðbeiningum. Einnig þarf að auka verulega útgáfu hvers konar handbóka fyrir kennara og nemendur. Í slíkum handbókum má fá meiri og nákvæmari vitneskju um tiltekið námsefni en í sjálfum námsbókunum. Starf skóla beinist nú mjög í þá átt að nemendur læri að afla sér fróðleiks á eigin spýtur, geti á sjálfstæðan hátt aukið þekkingu sína. Einnig má minna á að nú er verið að efla skólasöfn, en hérlendis er verulegur skortur á handbókum um margvísleg fræðileg efni við hæfi barna og unglinga.

Í námsgagnastofnun þarf að vera viðunandi aðstaða til að gera filmur, glærur og skyggjur. Þar þarf einnig að vera aðstaða til hljóðritunar og fjölritunar. Í mörgum tilvikum verður heppilegra að bjóða slík verkefni út á frjálsum markaði en sérfróðir aðilar innan námsgagnastofnunar verða að annast högun og hönnun slíkra verkefna.

Eðlilegt er að námsgagnastofnun annist útlán námsgagna sem eru það dýr að skólar geta ekki eignast þau. Má hér nefna myndsegulbönd og kvikmyndir. Aðkallandi er að auka þjónustu við skólana á þessu sviði. Einnig þarf mun oftar en kleift hefur verið á undanförnum árum að setja íslenska texta við fræðslukvikmyndir. Eins og málum er nú háttað eru fáar kvikmyndir í eigu Fræðslumyndasafns með íslenskum texta og rýrir það notagildi þeirra. Einnig er nauðsynlegt að gerðar séu leiðbeiningar um notkun einstakra kvikmynda til að auðvelda kennurum að nota þær í kennslu.

Útvegum hvers konar námsgagna bæði utanlands og innan verður mikilvægur þáttur í starfseminni. Krefjast þau störf sífellt sérhæfðari þekkingar á þörfum skólanna og þeim vörum sem kostur er á hverju sinni.

Þess má geta að kaup skóla á dýrum kennslutækjum og námsgögnum hafa í mörgum tilvikum verið óhagkvæm. Það mun koma í hlut námsgagnastofnunar að veita nauðsynlegar leiðbeiningar í þessu efni, bæði tæknilegar og kennslufræðilegar.

Mikilvægt viðfangsefni námsgagnastofnunar verður stöðug kynningarstarfsemi. Í húsakynnum stofnunarinnar þarf því að vera aðstaða þar sem kennarar, kennarar-nemar og aðrir geta kynnt sér námsgögn og kennslutæki og fengið upplýsingar um notkun þeirra.

Vísir að slíkri kynningarstarfsemi er nú fyrir hendi í þeim stofnunum sem námsgagnastofnun er ætlað að leysa af hólmi. Þessi starfsemi hefur verið rekin við ófullkomnar aðstæður og hefur af þessu leitt verulegt óhagræði fyrir kennara. Það er mikilvægt að samræma þetta starf, efla það til muna og fá því fastan samastað.

Í kynningarmiðstöð þarf að vera aðstaða til kvikmyndasýninga, umræðufunda, stuttra námskeiða og annarrar fræðslustarfsemi fyrir skólana. Kennarar þurfa að hafa aðstöðu til að safna hugmyndum, vinna og fjölfalda verkefni, athuga námsgögn, kennslutæki og aðrar skólavörur. Í kynningarmiðstöð þurfa að liggja frammi vöru- og bókaskrár, handbækur, upplýsingarit og tímarit um námsgögn og kennslutæki.

Kynningarstarf verður að fara fram í náinni samvinnu við námstjóra menntamálaráðuneytisins og þá aðila sem vinna að endurskoðun námsefnis og kennslu.

Námstjórar munu einnig leggja sitt af mörkum varðandi öflun námsgagna, mat á þeim og kynningu. Þessi þáttur hefur verið fastur liður í starfi námstjóra á undanförunum árum en aðstöðuleysi hefur gert það að verkum að þessi þjónusta hefur ekki nýst sem skyldi.

Á undanförunum árum hafa á vegum menntamálaráðuneytisins verið gerðar margháttaðar tilraunir með kynningarstarfsemi. Efnt hefur verið til funda og námskeiða þar sem aðferðir og verkefni hafa verið kynnt og aðstaða sköpuð til umræðna og verkefnagerðar. Þessar tilraunir hafa mælst vel fyrir og leitt í ljós að veruleg þörf er fyrir slíka starfsemi.

Um 7. gr.

Við það er miðað að nemendur í skyldunámi fái ókeypis námsgögn sem ýmist verða eign þeirra eða skólans.

Í samræmi við grunnskólalög skal unnið að því að skólar eigi kost á fjölbreyttum og fullnægjandi námsgögnum sem til staðar verði í skólunum og dreift til nemenda eftir því sem nauðsynlegt er talið. Miðað skal við að unnt sé að velja milli vandaðra námsgagna í hverri námsgrein.

Sá háttur hefur verið á frá upphafi (1936) að nemendur í barnaskólum hafa fengið námsbækur sínar ókeypis og til eignar frá Ríkisútgáfunni og eftir 1956 hefur hið sama gilt um nemendur í unglingaskólum. Fyrstu áratuginu voru bækurnar svo litlar og ódýrar að ekki þótti taka því að ætla fleiri en einum nemanda að nota hverja bók. Þá söfnuðust stundum á heimilum hlaðar af nothæfum bókum sem hvergi virtist vera þörf fyrir og er svo enn að nokkru leyti.

Á síðustu árum hefur úthlutunarfyrirkomulagi Ríkisútgáfu námsbóka verið breytt þannig að skólar fá bækur til eignar og nemendur svo aftur að láni meðan bókin endist. Gildir þetta nú ekki eingöngu um dýrar og stórar bækur heldur einnig önnur námsgögn, vinnuspjöld og itarefni ýmiss konar sem nemendur vinna með í skólanum en eignast ekki.

Nú er gengið lengra í þessa átt. Hver skóli fær í sinn hlut ákveðið ráðstöfunarfé í stað tiltekinn námsgagna. Þetta ætti að stuðla að betri nýtingu námsgagna. Meðferð námsgagna batnar og hefur þetta — ekki síður en sparnaður — uppeldislegt og menningarlegt gildi.

Nauðsynlegt er að ákveða í reglugerð hvernig úttektarheimild skuli ákveðin. Þarf þar að taka tillit til margra þátta, svo sem námskrár, stærðar skóla og stöðu, skiptingar í bekkjardeildir, aldurs nemenda o. fl.

Um 8. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur kostnaður við námsgagnastofnun verði greiddur úr ríkissjóði og ákvarðaður á fjárlögum hverju sinni.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að stjórn stofnunarinnar geri langtímaáætlanir og starfi eftir þeim. Slíkt er brýn nauðsyn, ekki sist í útgáfumálum.

Með langtímaáætlun sem fylgt er eftir í starfi verður verkefnaskipting námsgagnastjórnar og starfsfólks stofnunarinnar skýrari og greinilegri og hægt er að framkvæma verk á hagkvæmari hátt. Slíkar langtímaáætlanir fá þó að sjálfsögðu ekki staðist nema fullt tillit sé tekið til þeirra við gerð fjárlaga.

Þá er tekið fram í greininni að tekjum stofnunarinnar megi aðeins verja í þágu þeirra verkefna sem löggin mæla fyrir um. Með tekjum stofnunarinnar er hér átt við væntanlegan hagnað af sölu margvíslegra námsgagna umfram það sem skólar fá samkvæmt úttektarheimild.

Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að námsgagnastofnun verður einhver mikilvægasta þjónustustofnun skólanna í landinu. Mjög brýna nauðsyn ber því til þess að fjárveiting til starfseminnar verði í samræmi við þarfir og starfsáætlanir sem gerðar eru á grundvelli þeirra.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að nemendur fái námsgögn samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar, sbr. 7. gr. Hér er fyrst og fremst um að ræða kennslugögn sem námsgagnastofnun lætur framleiða, enda er það hennar hlutverk að sjá skólum fyrir kennslugögnum, en hins vegar er alltaf eitthvað um það að námsbækur og önnur námsgögn séu framleidd af einkaaðilum.

Greinin kveður á um að skólar geti notað slík gögn svo framarlega sem þau fara ekki í bága við gildandi námskrá og hafi hlotið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins eða einhvers aðila, t. d. námsgagnastofnunar, í umboði þess.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um varðveislu skólaminja. Á hverjum tíma eru í notkun námsgögn sem úreldast smám saman og hverfa þegar ný koma til sögunnar. Hliðstætt má segja um starfshætti í skólum og ýmsar venjur og siði sem hafa skapast. Hér er um að ræða fjölmargt sem hefur bæði menningarlegt og sögulegt gildi og er hætt við að þessi verðmæti glatist, ef ekki er að gert. Hjá Ríkisútgáfu námsbóka hefur minjum verið haldið til haga um langt skeið og má því segja að þar sé að finna verulegan vísu að skólaminjasafni. Námsgagnastofnun mun og í framtíðinni eiga öðrum auðveldast með að safna slíkum minjum, en fram til þessa hefur ekki verið bundið í lögum hverjum beri að annast slíkt. Óhætt mun að fullyrða að nauðsyn er nú að bregðast skjótt við svo margt það sem mótað hefur íslenskt skólastarf undanfarna áratugi og lengur hverfi ekki í hit gleymskunnar.

Í greininni er heimilað að við námsgagnastofnun starfi skólaminjavörður er hafi það meginverkefni að stuðla að varðveislu skólaminja. Nánar yrði kveðið á um verksvið skólaminjavarðar í reglugerð.

Snemma á síðasta áratug var hafin, fyrir frumkvæði Gunnars M. Magnúss kennara og rithöfundar, söfnun skólaminja á vegum Fræðslumálaskrifstofunnar. Vann Gunnar að söfnun og skráningu skólaminja. Á árunum 1966—72 var nokkru fé ráðstafað á fjárlögum til þessarar starfsemi. Áætlanir voru um að setja á fót sérstaka stofnun, Skólaminjasafn ríkisins, og skyldi það fá inni í húsakynnum Kennaraháskóla Íslands. Þessar hugmyndir náðu ekki fram að ganga.

Eins og að var vikið í athugasemdum við 2. gr. þessa frumvarps hefur á vegum Ríkisútgáfu námsbóka verið aflað eintaka af gömlum skólabókum, einkum fyrir frumkvæði og áhuga Jóns Emils Guðjónssonar, fyrrv. forstjóra útgáfunnar. Ekki hefur verið unnið skipulega að söfnun annarra skólaminja s. s. kennslutækja, skólabúnaðar, skólaskýrsla, verkefna, prófa og vinnubóka svo fátt eitt sé nefnt. Ýmis þau gögn sem haldið hefur verið til haga eru geymd við afar bágbornar aðstæður út um hvippinn og hvappinn og í sumum tilvikum liggja þau undir skemmdum. Því má fullyrða að merkar skólasögulegar minjar fari forgörðum ef ekki verður brugðist skjótt við.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt er að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd þessara laga. Sem dæmi um slík framkvæmdaatriði má nefna verkaskiptingu, greiðsluskyldur, samráð og samstilltar ákvarðanir námsgagnastofnunar og menntamálaráðuneytis, skólarannsóknadeildar, varðandi undirbúning að nýju námsefni, sbr. 2. grein þess frumvarps.

Þá er einnig nauðsynlegt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu starfa innan námsgagnastofnunar og ýmiss atriði önnur er varða starfsemi stofnunarinnar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.